**HÚSNÆÐISMÁL - Reiðhöll Sörla**
**FORSENDUR HÚSRÝMISÁÆTLANA**

September 2019

Eftirfarandi skjal er mælitafla fyrir nýja reiðhöll Sörla, svonefndur húsrýmislykill, sem gefur forsendur til mótunar einstakra hluta byggingar reiðhallarinnar.
Byggt er byggð að og samtengt við eldra húsnæði sem er nýtt áfram að full.
Byggingunni er hægt að skipta í tvö meginrými, tengibyggingu og reiðhöll. Gert er ráð fyrir að tengibygging verður byggð í tveimur áföngum. Þar til 2. áfangi tengibyggingar kemst í notkun verður inngangur að áhorfendapöllum í nýrri reiðhöll í gegnum stiga í núvernandi reiðhöll auk nýrrar lyftu sem verður byggð við hlið stigans.
Reiðhöllin verður byggð upp stálrömmum kæddum með samlokueiningum. Þak reiðhallar verður með 9° halla og samlokueiningum sem hvíla á blikkásum.
Byggingin verður grunduð á klöpp og gert er ráð fyrir að boraðar verði bergfestur í klöppina.
Samhliða þessu skjali er greinagerð íþróttafulltrúa um uppbyggingaóskir Sörla

| **Reiðhöll Sörla - stækkun Sörlastaða** | | | |
|---|---|---|---|
| **Heiti rýmis** | **Skilgreining á notkun** | **okt 2019** | **Athugasemdir** |
| | **Reiðhöll - 1. áfangi** | | |
| Reiðgólf | Við útreikning á stærð húsnæðis er reiknað með þrískiptum æfingarsvæði eða um 2.500 m2 í heild og þar af hver völlur um 840m² (ca 24*35m2). Tvö hljóðvistartjöld geta skipt sal í þrennt. Lýsing þarf að vera þrískipt og hægt að stjórna styrk. Sjálvirkar hurðir skulu vera í hvern sal auk tveggja hærri og stærri á göflum fyrir gegnumreið. Hljóðkerfi fyrir bæði sal og útisvæði. Hitablásarar hita upp salinn. Malargólf með vökvun. Reikna skal með reiðleið langsum í gegnum húsið, gegnt áhorfendapöllum, meðfram N/A-langhlið. | 2.500 | Samkvæmt reglugerð nr. 519/1996; 290…. Sprettur….Reiðskemman er hugsuð sem æfinga- og sýningasalur fyrir hestaíþróttir. Í sal skulu vera útdraganlegir færanlegir áhorfendapallar sem rúmi sæti fyrir minnst 850 manns auk hjólastólastæða. Aðkoma gesta og áhorfenda er um S-byggingu en knapa/hesta um A-byggingu. Reiknað er með bílastæðum norðan og austan húss, en gerð þeirra er ekki með í þessu verki. |
| Áhaldageymsla | Geymsla fyrir áhöld og búnað sem notuð eru á reiðgólfinu skal vera undir áhorfendapöllum | 0 | |
| Áhorfendasvæði | Áhorfendapallar fyrir 700-800 manns. Sex pallar. | 500 | Steyptir pallar með aðgengi fyrir áhorfendur að ofan verðu |
| Þula- og dómarastúka | Dómgæsluherbergi að mestu úr gleri, þar sem hægt er að hafa góða yfirsýn bæði yfir útisvæði og innisvæði. Lantengt og tengt hljóðkerfi hússins. | 25 | |
| Veggir | | 160 | |
| **Reiðhöll - heildarfermetrar** | | **3.185** | |

| **Heiti rýmis** | **Skilgreining á notkun** | **okt 2019** | **Athugasemdir** |
|---|---|---|---|
| | **Tengibygging - 1. áfangi** | | |
| Húsvörður og þjónusturými fyrir knapa | Rými á 1 hæð við hlið undirbúningssvæði knapa | 100 | |
| Gangsvæði að áhorfendapöllum | Rými frá núverandi stiga að áhorfendapöllum og salernum | 140 | |
| Tæknirými | Rými fyrir loftræsisamstæðu, inntök í núverandi reiðhöll | 25 | |
| Fundarherbergi / dómaraherbergi | Fundar- og dómaraherbergi með yfirsýn yfir reiðhöll | 20 | |
| Salerni | Almenn salernisaðstaða á efri hæð fyrir áhorfendur og nægil. fyrir allt að 800 manns | 75 | Vísað er til reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. |
| **Tengibygging 1. áfangi. heildarferm.** | | **360** | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | **Tengibygging- 2. áfangi** | | |
| Félagshesthús | Aðstaða fyrir börn og unglinga sem hafa ekki aðstöðu til að sinna íþróttinni með fjölskyldu sinni. 16 eins-hesta-stíur ásamt heygeymslu, reiðtygjageymslu og fataherbergi/anddyri | 160 | |
| Nýtt anddyri | Vindfang, nýr stigi og lyfta með aðgengi að áhorfendapöllum á 2. hæð | 90 | |
| Félags- og kennsluaðstaða | Stækkun á núverandi sal | 250 | |
| **Tengibygging 2. áfangi heildarferm.** | | **500** | |